

# Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

### 1.1 Vörukenni:

# Vecinox Pickling Paste 14 LN

### 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Súrt hreinsiefni fyrir ryðfrítt duplex stál og nikkblöndur.  
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.

### 1.3 Söluaðili:

Landvélar  
Smiðjuvegi 66  
200 Kópavogur

### Framleiðandi:

VECOM  
Mozartlaan 3  
NL-3144 NA Maassluis, Holland

Sími: 580 5800  
Netfang: [landvelar@landvelar.is](mailto:landvelar@landvelar.is)  
Veffang: [www.landvelar.is](http://www.landvelar.is)

00-31-10-5930299  
[msds@vecom.nl](mailto:msds@vecom.nl)  
[www.vecom.nl](http://www.vecom.nl)

### 1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

## 2. Hættugreining

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

|      |  |            |
|------|--|------------|
| H301 | Eitrað við inntöku                         | Bráð eit.3 |
| H310 | Banvænt í snertingu við húð                | Bráð eit.2 |
| H314 | Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða | Húðæt.1A   |
| H318 | Veldur alvarlegum augnskaða                | Augnskað.1 |
| H331 | Eitrað við innöndun                        | Bráð eit.3 |

### 2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

#### Hættumerki



#### Viðvörðunarorð

**HÆTTA**

#### Hættusetningar

H301 Eitrað við inntöku  
H310 Banvænt í snertingu við húð  
H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða  
H318 Veldur alvarlegum augnskaða  
H331 Eitrað við innöndun

#### Varnaðarsetningar

P102 Geymist þar sem börn ná ekki til  
P262 Má ekki koma í augu eða á húð eða föt.  
P280 Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlíf/andlitshlíf.  
P301+P310 EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni.  
P304+P340 EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.  
P303+P361+P353 BERIST EFNIÐ Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu.  
P303+P310 BERIST EFNIÐ Á HÚÐ: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni.  
P305+P310 BERIST EFNIÐ Í AUGU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni.  
P310 Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni.  
P331 EKKI framkalla uppköst.  
P405 Geymist á læstum stað.  
P501 Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur: Saltpéturssýra, flúrsýra.

**3.2 Aðrar hættur:** Eitrað við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Veldur alvarlegri ætingu. Ertir öndunarfæri.  
*Sjá einnig 11. og 15. lið.*  
28,8% innihaldsefna vörunnar hafa óþekkt eiturhrif, og 6,9% óþekkt eiturhrif í vatnsumhverfi.

### 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

**3.1 Efni:** Á ekki við

**3.2 Blöndur:**

| Saltpéturssýra  |                  |                       |                |
|---|------------------|-----------------------|----------------|
| Skráningarnúmer ECHA                                      | 01-2119487297-23 | Innihald %            | 20 - 70        |
| Raðnúmer  | 007-004-00-1     | Varnaðarmerki:        | C, O           |
| EINECS, ELINECS   | 231-714-2        | H-setningar           | H8, H35        |
| CAS   | 7697-37-2        | Flokkun, hættumerking | Oxandi, Ætandi |
| Hættuflokkun/Hættusetningar                               |                  |                       |                |
| Eldmynd.vökví 3 - H272, Málmæt.1 - H290, Húðæt. 1A - H314 |                  |                       |                |

| Flúrsýra   |                  |                       |                |
|--|------------------|-----------------------|----------------|
| Skráningarnúmer ECHA   | 01-2119458860-33 | Innihald %            | 3 - 7          |
| Raðnúmer   | 009-003-00-1     | Varnaðarmerki:        | T,C            |
| EINECS, ELINECS  | 231-634-8        | H-setningar           | H26/27/28, H35 |
| CAS  | 7664-39-3        | Flokkun, hættumerking | Eitrað, Ætandi |
| Hættuflokkun/Hættusetningar                                    |                  |                       |                |
| Bráð.eit. 2 - H300-310-330, Húðæt.1A - H314, Augnskað.1 - H318 |                  |                       |                |

| Súlfamíðsýra   |                  |                       |                |
|--|------------------|-----------------------|----------------|
| Skráningarnúmer ECHA   | 01-2119488633-28 | Innihald %            | 2,5 - 5        |
| Raðnúmer   | 016-026-00-0     | Varnaðarmerki:        | Xi             |
| EINECS, ELINECS  | 226-218-8        | H-setningar           | H36/38, H52/53 |
| CAS  | 5329-14-6        | Flokkun, hættumerking | Ertandi        |
| Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)                            |                  |                       |                |
| Húðert.2 - H315, Augnert.2 - H319, Langv.eit.á vatn 3 - H412 |                  |                       |                |

*Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.*

### 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

**4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:**

|                          |   |
|--------------------------|---|
| <b>Almennt</b>           | Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk. |
| <b>Innöndun</b>          | Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið læknis. Gefið súrefni við öndunarerfiðleika (þjáfað hjálparlið).  |
| <b>Snerting við húð</b>  | Hreinsið húð vandlega með sápu og vatni, haldið áfram skolun í 30 mín. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis. Berið kalsíum glúkonat hlaup á húð sem orðið hefur fyrir áverkun.  |
| <b>Snerting við augu</b> | Skolið strax varlega með miklu vatni í 15 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið strax læknis.   |
| <b>Inntaka</b>           | Skolið munn. Framkallið ekki uppköst nema að læknisráði. Leitið strax læknis. Gefið mikið vatn að drekka sé hinn slasaði við meðvitund.   |
| <b>Til hjálparliða</b>   | Aðhafist ekkert nema viðeigandi þjálfun sé fyrir hendi. Notið persónuhlífar, þ.á.m. öndunarhlífar sé grunur um að gufa sé til staðar. Beitið ekki blásturaðferð, notið tækjabúnað.  |

#### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Váhrif af völlum gufu innihaldsefna geta valdið alvarlegu heilsutjóni, þar á meðal ertingu í slímhúðum og öndunarfærum, skaða á nýrum, lifur og miðtaugakerfi. Einkenni eru m.a. höfuðverkur, svimi, þreyta, máttleysi í vöðvum, sljóleiki, og jafnvel meðvitundarleysi. Inntaka getur valdið ógleði, niðurgangi og uppköstum.

#### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Einkennum getur seinkað um allt að 2 sólarhringum.

Gefið súrefni vegna hugsanlegs skaða á lungum, og fylgist með (ath. eiginleika HF).

Leitið ávallt augnsérfræðings vegna augnskaða. Íhugið að gefa kalsíumglúkonatdropa (1%).

Vegna skaða á húð skal skola með vatni og bera á kalsíumglúkonathlaup (10%).

### 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

#### 5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:

Koldíoxíð, alkóhólpólin froða, slökkviduft, vatnsúði. Veljið slökkviefni eftir aðstæðum hverju sinni.

Óhentugur slökkvibúnaður:

Beinn vatnsgeisli.

#### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er ætandi. Myndar þykkar svartan reyk, kolefnisoxíð, nituroxíð og vetnisflúoríð við bruna.

Reykur og gufur geta valdið heilsutjóni.

#### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað

við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og fargið skv. 13. lið.

### 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

#### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Notið persónuhlífar.

Fjarlægjið alla eld- og neistagjafa.

#### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka, sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

#### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Tryggið góða loftræstingu. Notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg.

Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Hreinsið mengað svæði með hreinsiefnum og nægu vatni.

#### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 7. um meðhöndlun, lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

### 7. Meðhöndlun og geymsla

#### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð augu og fatnað. Notið persónuhlífar. Reykið ekki. Fjarlægjið alla eld- og neistagjafa.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

#### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið á köldum og þurrum stað í vel luktum upprunalegum umbúðum.

Geymið fjarri eld- og neistagjöfum, sólarljósi og háu hitastigi.

#### 7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2.

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfæribreytur:

| Efni:          | 8 klst ppm | 8 klst mg/m <sup>3</sup> | Þakgildi 15mín ppm | Þakgildi 15mín mg/m <sup>3</sup> | Athugasemdir |
|----------------|------------|--------------------------|--------------------|----------------------------------|--------------|
| Saltþéturssýra |            |                          | 1                  | 2,6                              | WEL          |
| Flúrsýra       | 1,8        | 1,5                      | 3                  | 2,5                              | WEL          |

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

### 8.2 Váhrifavarnir:

#### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Hafið augnskol tiltækt á vinnusvæði.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

#### Persónuhlífar

##### Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

##### Húð - hendur

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr neopren. (EN374).

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

##### Húð - annað

Mælt er með notkun langerma leysiefnahelds vinnufatnaðar og öryggisskófátnaðar. (EN20345).

##### Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með síugerð ABEK

Við háan styrk ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað (EN137, EN138).

Athugið takmarkanir á notkunartíma búnaðar.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

|                    |                         |
|--------------------|-------------------------|
| Eðlisástand:       | Vökvi                   |
| Litur:             | Litlaus                 |
| Lykt:              | Ertandi                 |
| pH:                | 1,4 (1% lausn)          |
| Bræðslumark:       | <0°C                    |
| Eðlismassi (25°C): | 1,280 g/cm <sup>3</sup> |

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt við venjulega notkun og meðferð.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar, sterkir basar og sterkar sýrur geta valdið útvermnum efnahvörfum.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Varan er ætandi. Myndar þykkan svartan reyk, kolefnisoxíð, nituroxíð og vetnisflúoríð við bruna. Reykur og gufur geta valdið heilsutjóni.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

#### Bráð eiturhrif:

Váhrif af völlum gufu innihaldsefna geta valdið alvarlegu heilsutjóni, þar á meðal erntingu í slímhúðum og öndunarfærum, skaða á nýrum, lifur og miðtaugakerfi. Einkenni eru m.a. höfuðverkur, svimi, þreyta, máttleysi í vöðvum, sljóleiki, og jafnvel meðvitundarleysi. Inntaka getur valdið ógleði, niðurgangi og uppköstum.

**Vecinox Pickling Paste 14 LN**

|                             | Gildi | Niðurstaða | Eining | Dýrateg/Aðferð | Athugasemdir |
|-----------------------------|-------|------------|--------|----------------|--------------|
| Bráð eiturrhíf, inntaka     | ATE   | 54,29      | mg/kg  |                |              |
| Bráð eiturrhíf, ísog um húð | ATE   | 54,29      | mg/kg  |                |              |
| Bráð eiturrhíf, innöndun    | ATE   | 5,429      | mg/l   |                | gufa         |

**Flúrsýra**

|                          | Gildi            | Niðurstaða   | Eining     | Dýrateg/Aðferð | Athugasemdir |
|--------------------------|------------------|--------------|------------|----------------|--------------|
| Bráð eiturrhíf, innöndun | LC <sub>50</sub> | 1276         | ppm/1 klst | rotta          |              |
| Húðæting/erting          |                  | Afar ertandi |            | rotta          | 50mg         |
| Alvarlegur augnskaði     |                  | Afar ertandi |            | fólk           | 50%/3mín     |

**Súlfamíðsýra**

|                         | Gildi            | Niðurstaða   | Eining | Dýrateg/Aðferð | Athugasemdir |
|-------------------------|------------------|--------------|--------|----------------|--------------|
| Bráð eiturrhíf, inntaka | LD <sub>50</sub> | 3160         | mg/kg  | rotta          |              |
| Húðæting/erting         |                  | Afar ertandi |        | kanína         | 24klst/500mg |
| Alvarlegur augnskaði    |                  | Afar ertandi |        | kanína         | 24klst/500µg |

**12. Vistfræðilegar upplýsingar****12.1 Eiturrhíf:**

Getur valdið breytingum á sýrustigi í vatnsumhverfi.

**Saltþétursýra**

|                      | Gildi            | Niðurstaða | Tími    | Dýrategund | Aðferð |
|----------------------|------------------|------------|---------|------------|--------|
| Eiturrhíf            | LC <sub>50</sub> | 72 ppm     | 96 klst | Fiskar     |        |
| Eiturrhíf            | LC <sub>50</sub> | 180 mg/l   | 48 klst | Skeldýr    |        |
| Uppsöfnun í lífverum | LogPow           | -0,21      |         |            |        |

**Flúrsýra**

|           | Gildi | Niðurstaða | Tími | Dýrategund | Aðferð |
|-----------|-------|------------|------|------------|--------|
| Eiturrhíf | NOEC  | 0,9 mg/l   |      | Fiskar     |        |

**Súlfamíðsýra**

|                      | Gildi            | Niðurstaða | Tími    | Dýrategund | Aðferð |
|----------------------|------------------|------------|---------|------------|--------|
| Eiturrhíf            | LC <sub>50</sub> | 14,2 mg/l  | 96 klst | Fiskar     |        |
| Uppsöfnun í lífverum | LogPow           | 0,101      |         |            |        |

**12.2 Þrávirkni og niðurbrot:**

Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi.

**12.3 Uppsöfnun í lífverum:**

Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi.

**12.4 Dreifanleiki í jarðvegi:**

Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi.

**12.5 PBT/VPvB:**

Upplýsingar eru ekki fyrirleggjandi.

**13. Förgun****13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:****Vara**

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.

**Óhreinar umbúðir**

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinsa má óhreinar umbúðir með miklu vatni.

## 14. Upplýsingar um flutninga

### ADR:


|                          |  |
|--------------------------|--|
| UN Númer                 | 2922   |
| Efnisheiti v. flutninga: | CORROSIVE LIQUID, TOXIC; N.O.S. (NITRIC ACID, HYDROFLUORIC ACID) |
| Hættuflokkur:            | 8 (6.1)  |
| Pökkunarflokkur:         | II   |
| Jarðgangnaflokkun:       | E  |
| Mengunarhætta:           | Nei  |

### Varúðarmerking




### IMDG:

|                          |  |
|--------------------------|--|
| UN Númer                 | 2922   |
| Efnisheiti v. flutninga: | CORROSIVE LIQUID, TOXIC; N.O.S. (NITRIC ACID, HYDROFLUORIC ACID) |
| Hættuflokkur:            | 8 (6.1)  |
| EmS:                     | F-A, S-B   |
| Pökkunarflokkur:         | II   |
| Mengunarhætta:           | Nei  |



### IATA:

|                          |  |
|--------------------------|--|
| UN Númer                 | 2922   |
| Efnisheiti v. flutninga: | CORROSIVE LIQUID, TOXIC; N.O.S. (NITRIC ACID, HYDROFLUORIC ACID) |
| Hættuflokkur:            | 8 (6.1)  |
| Pökkunarflokkur:         | II   |
| Flutningsflokkun:        | 851  |



## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

## 16. Aðrar upplýsingar

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

|      |   |
|------|---|
| H272 | Getur aukið bruna, oxari                    |
| H300 | Banvænt við inntöku                         |
| H301 | Eitrað við inntöku                          |
| H310 | Banvænt í snertingu við húð                 |
| H314 | Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða  |
| H315 | Veldur húðertingu                           |
| H318 | Veldur alvarlegum augnskaða                 |
| H319 | Veldur alvarlegri augnertingu               |
| H300 | Banvænt við innöndun                        |
| H301 | Eitrað við innöndun                         |
| H412 | Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif |

Útgáfa/Dags: 2/11.09.2016

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

**VECOM**  
**SAFETY DATA SHEET**  
**VECINOX PICKLING PASTE 14 LN**

Útgáfa:

25.01.2016